

Stjórn Gígjunnar, símafundur sunnudaginn 4. desember 2016 kl 16:00-17:00

Mættar; Bryndís Bjarnarson formaður, Kolbrún Halldórsdóttir varaformaður og Una Þórey Sigurðardóttir ritari.

Fjarverandi; Petra Jónsdóttir meðstjórnandi og Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri

Gestur fundarins; Þórhildur Kristjánsdóttir fyrrv. formaður Gígjunnar

Umræðuefni á fundinum: Samningar Gígjunnar við Fjölís og Landsmót Ísl. Kvennakóra.

Samningar Gígjunnar við Fjölís

Þórhildur fór yfir samninga Gígjunnar við Fjölís, hagsmunafélags um höfundarrétt. Þórhildur, ásamt fulltrúum úr öðrum kórasamböndum, hefur verið að endurskoða og gera einn sameiginlegan samning við Fjölís vegna fjölföldunar á nótum. Áður var hvert kórasamband með sinn sérsamning. Nýi samningurinn byggist á meðaltalsnotkun kóranna á höfundarvörðu efni á ári frá árinu 2009. Nokkrir kórar voru pikkaðir út af handahófi og niðurstöður unnar út frá því. Þessi samningsvinna hefur gengið hægt, tafsamt hefur verið að safna gögnum frá kórnum. Grunnur núverandi samninga Gígjunnar er frá árinu 2004 og byggist á því að greitt er fyrir 30 blöð á ári á hverja kórkonu. Ljóst er, a.m.k. samkvæmt niðurstöðum frá úrtaki Gígjunnar, að þetta er úrelt, magnið er heldur meira og finna þarf út hvað er raunhæft. Gamli samningurinn gildir þar til nýr allsherjar samningur verður tilbúinn en þá búast má við lítilsháttar hækkun samkvæmt niðurstöðum fyrrnefndar könnunar.

Landsmót Ísl. kvennakóra vorið 2017.

Rætt var um fyrirhugað landsmót á Ísafirði, t.d. hvar félags og formannafundir Gígjunnar verða staðsettir í dagskrá mótsins. Venjan er að Gígjan styrki framkvæmd mótsins fjárhagslega og verður þar ekki breyting á en mótshaldari þarf að sækja sérstaklega um styrk til stjórnar. Bryndís formaður hefur verið í sambandi við landsmótsnefnd og fregnir herma að þar sé stöðug vinna í gangi. Lítið hefur þó heyrst opinberlega frá landsmótsnefnd en vonandi er tíðinda að vænta fyrr en síðar.

Önnur mál: Formannafundur

Rætt var um á síðasta stjórnarfundinum (sjá fundargerð stjórnarskiptafundar) að boða til formannafundar eftir áramót og ræða málefni er tengjast kvennakórnum. Ákveðið er að hætta við fundarboðið og fresta umræðunni til formannafundarins á landsmótinu í vor.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 17:00

Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir